

Dómsorð:

Stefndi, Keilir h.f., greiði stefnanda, Ársæli Jónassyni, kr. 51.815.33 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 101.00.00 frá 15. september 1952 til 22. október sama ár og af kr. 51.815.33 frá 22. október 1952 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. júní 1955.

Nr. 51/1955. **Bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Porkeli Björnssyni (Einar Ásmundsson)
og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Vatnsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl þ. á., gerir þær dómkröfur, að matsgerð, dags. 5. september 1952, á tjóni, er vatnsvirkjun Akureyrarkaupstaðar í Kífsárlandi hefur bakað gagnáfrýjanda, verði ómerkt, að því er varðar 3. tölulið hennar, bætur fyrir hinar virkjuðu lindir, og að dæmt verði, að aðaláfrýjanda sé skylt að greiða gagnáfrýjanda bætur fyrir vatnstöku í þágu Vatnsveitu Akureyrar í landi hans. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 28. apríl þ. á. og fengið gjafsókn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi fallið frá þeirri máls-

ástæðu, er hann hafði uppi í héraði til vara, að greindan lið matsgerðarinnar bæri að ómerkja sökum þess, að matsmenn hafi metið fleiri lindir en þeim bar og þannig farið út fyrir það verksvið, sem þeim var markað í dómkvaðningu.

Telja verður rétt landeiganda til hagnýtingar vatns þess, sem aðaláfrýjandi hefur virkjað í Kífsárlandi, til verðmætra réttinda, og á gagnáfrýjandi því kröfu til bóta fyrir hinar virkjuðu lindir samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru í héraðsdómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00, þar af kr. 4000.00 til málflutningsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti og kr. 220.00 í ríkissjóð fyrir dómgjöld.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrar-arkaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Þorkeli Björnssyni, kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar af kr. 4000.00 til málflutningsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 220.00 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 24. marz 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., hefur stefnandi í aðalsök, Steinn Steinsen bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 6. október 1952, á hendur Þorkeli bónda Björnssyni að Kífsá í Glæsi-bæjarhreppi, og gerir þær dómkröfur, að síðargreind matsgerð frá 5. september 1952 verði ómerkt, að því er tekur til upphæðarinnar undir 3. tölulið hennar: „Hinar virkjuðu lindir kr. 23.000.00“, og að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda sé að lögum óskýlt að greiða stefnda hina metnu upphæð samkvæmt þessum lið matsgerðarinnar. Þá er þess krafizt, að upphæðin, kr. 4000.00, sem matsmenn hafa úrskurðað, að stefnandi skuli greiða stefnda í matskostnað,

verði stórlega lækkuð að mati dómara. Að lokum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Til vara krefst stefnandi þess, að framangreind matsgerð verði ómerkt, að því er til 3. töluliðs tekur, þar eð matsmenn hafi metið bætur í einu lagi fyrir vatnsvirkjun í landi Hesjuvalla og Kífsár, en stefndi eigi ekki Hesjuvelli og stefnandi hafi tryggt sér með samningi rétt til vatnstöku í Hesjuvallalandi.

Í fyrsta þinghaldi í málinu varð samkomulag um, að það yrði flutt fyrir bæjarþing Akureyrar, og hefur það síðan verið rekið fyrir þeim dómi.

Með gagnstefnu, útgefinni 30. október 1952, hefur gagnstefnandi, Þorkell Björnsson, haft uppi þær kröfur á hendur gagnstefnda, bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, að viðurkennt verði með dómi, að rétt hafi verið að meta allt, er framan greind matsgerð fjallar um, þ. e. átroðning og landsþjöll, land umhverfis virkjaðar lindir og hinar virkjuðu lindir sjálfar, og að gagnstefndi sé bótaskyldur fyrir þessi atriði. Þá krefst hann þess, að staðfest verði, að gagnstefnda sé skylt að greiða þær kr. 4000.00 í matskostnað, sem í mati þessu getur. Að lokum krefst gagnstefnandi málskostnaðar sér til handa úr hendi gagnstefnda.

Svo sem af þessu verður séð, fjallar aðalsök og gagnsök að mestu um sama málefni, og verður því um þær rætt í einu lagi hér á eftir.

Málavextir eru þessir:

Akureyrarkaupstaður keypti á árinu 1914 vatnsréttindi fyrir vatnsveitu bæjarins í Hlíðarfjalli í landi Hesjuvalla í svokölluðum Hesjuvallalindum. Var vatni af þessu svæði síðan veitt í nefnda vatnsveitu. Eftir því sem bærinn stækkaði, jukust þarfir fyrir neyzluvatn, og hafa smám saman verið teknar fleiri og fleiri lindir í fjallinu í þessu skyni. Næsta jörð norðan Hesjuvalla er Kífsá. Þegar fram liðu stundir, var farið að taka vatn úr Kífsárlandi í vatnsveituna, úr lindasvæði í grennd við landamerkin og skammt frá Hesjuvallalindum. Þannig var steipt vatnsþró í merkjalæknum milli Hesjuvalla og Kífsár árið 1938, og þrjár vatnsþrær steiptar í Kífsárlandi 1940—1946. Ekki var starfsmönnum vatnsveitunnar ljóst, að svæði þetta væri í Kífsárlandi, og álitu þeir það vera í Hesjuvallalandi og á því svæði, er Akureyrarkaupstaður hafði keypt vatnsréttindi. Stefndi á aðalsök, sem var eigandi Kífsár 1949, virðist ekki hafa orðið ljóst fyrr en 1952, að svæði þetta var í landareign hans. Þó fór svo á árunum 1950 eða 1951, að lindir voru teknar í vatnsveituna, sem augljóslega voru í Kífsárlandi. Stefndi í aðalsök gerði tilraunir til samninga við forráðamenn Akureyrarkaupstaðar um bætur fyrir vatnsréttindin og afnot af landi í því sambandi, en samningar tókust ekki.

Hinn 31. júlí 1952 fékk hann dómkvadda matsmenn samkvæmt 4. lið 25. gr. og 26. gr. sbr. 147. gr. vatnalaga nr. 15/1923 til þess að meta bætur fyrir tjón, sem vatnstaka hefði í för með sér, og fyrir

vatn það, er þegar hafði verið tekið fyrir Vatnsveituna í Kífsárlandi eða gerðar höfðu verið ráðstafanir til að taka, og einnig matskostnað til handa landeiganda úr hendi matsþola, aðalstefnanda í máli þessu. Matsþoli mótmælti því við matsgerðina, að metnar yrðu bætur fyrir vatnstökuna sjálfa, þar eð matsbeiðandi væri ekki eigandi vatnsins, en það væri ekki eignarrétti háð að lögum. Þá mótmælti hann því og, að metnar yrðu bætur fyrir virkjun, er gerð hefði verið sunnan lækjar þess, er hann áleit ráða merkjum milli Kífsár og Hesjuvalla, en eigendur þessara jarða lýstu því yfir, að lækur þessi væri ekki merkjalækur og umrædd virkjun væri í Kífsárlandi.

Hinir dómkvöddu matsmenn, sem voru Rögnvaldur Þorláksson verkfræðingur og Árni Jónsson tilraunastjóri, tóku ekki til greina mótmæli þessi og mátu bætur fyrir átroðning og landsþjöll kr. 500.00, fyrir land umhverfis virkjaðar lindir kr. 1500.00 og fyrir hin- ar virkjuðu lindir kr. 23.000.00. Var mat þeirra miðað við lindir þær, sem eigendur Hesjuvalla og Kífsár töldu vera í Kífsárlandi. Enn fremur mátu þeir matskostnað til handa matsbeiðanda, kr. 4000.00. Af matsgerðinni kemur fram, að matsmennirnir telja umræddar lindir verðmætar fyrir eiganda Kífsár, sökum þess að þær eru mjög vel fallnar til rafvirkjunar, en slík rafvirkjun er útilokuð með vatnsveitunni.

Gagnasöfnun í máli þessu var að mestu lokið í september 1953. Ekki þótti þá fært að taka málið til flutnings og dóms sökum þess, að gengið hafði dómur í héraði, er áfrýjað hafði verið, í máli, er höfðað var að tilhlutun aðalstefnanda samkvæmt landamerkjalög- um, til þess að fá úr því skorið, hvort lækur, sem eigendur Hesju- valla og Kífsár töldu landamerkjalæk milli jarðanna, væri rétt merki, en aðalstefnandi vefengdi, að svo væri, og taldi, að gengið væri á ítaksrétt sinn til vatnstöku í Hesjuvallalandi með því að ákveða merkin eftir þeim læk. Ekki náðist samkomulag við aðal- stefnda um að skipta sök í þessu máli og láta varakröfu aðalstefn- anda og gagnsökina biða, þar til hæstaréttardómur gengi um ítaks- merkjamál aðalstefnanda og eigenda Hesjuvalla og Kífsár, og var því málinu í heild frestað, þar til málalok yrðu kunn í merkjamálinu. Dráttur á að ljúka málinu stafar af þessu. Málalok í Hæstarétti urðu þau hinn 2. febrúar s.l., að merkjamálinu var vísað frá héraðs- dómi, en þess skilmerkilega getið í forsendum hans, að rétt merki milli Hesjuvalla og Kífsár væri þau, er eigendur þeirra jarða voru sammála um.

Stefnandi í aðalsök byggir aðalkröfu sína á því, að vatnstakan hafi verið heimil án endurgjalds. Af vatnalögunum verði ráðið, að þannig sé því farið, sbr. 25. gr. þeirra, og þess sé hvergi getið, að greiða eigi fébætur fyrir vatnið sjálft, sem yrði þó að vera, ef til slíks yrði ætlað, sbr. 2. gr. laganna. Matsgerðin sé því að þessu leyti á röngum forsendum byggð og ekki skuldbindandi fyrir aðal- stefnanda.

Þessum skilyrðum mótmælir aðalstefndi. Hann telur, að tjón hafi orðið að vatnstökunni og vatnalögin eigi að skilja svo, að slíkt tjón eigi að bæta.

Í 2. gr. vatnalaganna segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Samkvæmt lögnum er réttur landeiganda til hagnýtingar á vatni á landareign sinni ærið viðtækur, enda eru honum heimiluð flest vatnsnot, sem nú tíðkast, þegar frá eru skillin meiri háttar raforkuvirki, sbr. 49. gr. þeirra og 1. gr. laga nr. 12/1946. Ýmsar takmarkanir eru þó á rétti landeiganda í þessum efnun. Þannig er honum oft skylt að heimila öðrum vatnsnot í landi sínu eða þola vatnsnot annarra. 25. gr. laganna, sem mál þetta fjallar aðallega um, kveður svo á, að bæjarstjórn sé heimilt að taka vatn til vatnsveitu af landi annarra, ef landeigandi er ekki með því sviptur vatni til heimilis og búsparfa og til iðnaðar eða iðju án orkunýtingar. Aðiljar máls þessa eru sammála um, að vatnstakan hafi verið heimil samkvæmt þessari grein. Í 3. tölulið sömu greinar segir, að haga skuli vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minnst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef spjöll verði, þá skuli þau að fullu bæta. Í greinargerð fyrir frumvarpinu að vatnalögum, sem fram kom á Alþingi 1921, segir svo um 25. gr. meðal annars: „Bætur fyrir vatnið sjálft á auðvitað því aðeins að greiða, að tjón stafi af töku þess, t. d. vegna áveitu, iðnaðar o. s. frv. Ef vatnstaka er að öllu meinalaus, þá er enginn skaði eða lagi að bæta“. Grein þessi tók ekki breytingum í meðferð þingsins á frumvarpinu, að öðru leyti en því, að í frumvarpinu stóð „skaði“ þar sem í lögnum eru „spjöll“. Hér eru tekin af tvímæli um það, að löggjafinn ætlast til, að greiða skuli bætur fyrir vatnið sjálft, ef tjón eða lagi stafar af töku þess. Ekki þykja næg rök til þess að skýra þetta það þröngt, eins og aðalstefnandi heldur fram, að rétt sé, að einungis sé átt við tjón af töku vatns, sem landeigandi er þegar farinn að nytja. Samkvæmt þessu er grundvöllur sá, er matsmennirnir byggðu á að þessu leyti, réttur, og því ekki unnt að taka til greina aðalkröfu stefnanda, hvað þetta snertir.

Í 149. gr. vatnalaganna er svo kveðið á, að matsnefnd geti skipt kostnaði af matinu milli aðilja, þegar svo stendur á, sem þar greinir. Af því verður ráðið, að til þess er ætlast, að matsnefnd meti matskostnað á sama hátt og annað, er meta skal samkvæmt vatnalögnum, sbr. athugasemdir við 134. gr. frumvarps meiri hluta fossa- nefndar frá 1919, en eftir þeirri grein er 149. gr. vatnalaganna sniðin. Eiga dómstólar því ekki úrskurðarvald um matskostnað í þessu sambandi, sbr. 146. gr., 1. tölul., vatnalaga. Ber samkvæmt því að vísa frá dómi kröfu aðalstefnanda um lækkan hans.

Því hefur verið haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að matsgerðin sé ógild af þeim sökum, að matsmenn hafi aðeins verið dómkvaddir til þess að meta tjón vegna vatnsvirkjunar, sem fram fór 1950 og

eftir það, en matsgerðin tekur einnig yfir vatn, sem leitt hefur verið í vatnsveitu aðalstefnanda í Kífsárlandi fyrir þann tíma. Í beiðni um dómkvaðningu matsmannanna, dags. 29. júlí 1952, er þess getið, að Akureyrarbær hafi hafið að nytja neyzzluvatn í Kífsárlandi sumarið 1950, og beðið er um, að dómkvaddir séu matsmenn til þess að meta allt tjón, sem af vatnstökunni leiðir og það vatn, sem Akureyrarbær hefur tekið í landi Kífsár. Meðan á matinu stóð, kom í ljós, að lindasvæði, sem nytjað hafði verið fyrir vatnsveituna 1938, 1940 og eftir það, var einnig í Kífsárlandi, og var það tekið með í matið að kröfu matsbeiðanda, eins og fyrr segir. Ekki þykja næg rök til þess, að þessi galli á matsbeiðninni, sem stafaði af misskilningi matsbeiðanda, valdi ógildingu matsgerðarinnar.

Við munnlegan flutning málsins var því hreyft af hendi aðalstefnanda, að vera kynni, að réttur til bóta fyrir þær lindir í Kífsárlandi, sem teknar voru í vatnsveituna, áður en aðalstefndi varð eigandi Kífsár 1949, væri fallinn niður fyrir vangeymslu. Þótt hvorugum matsaðilja virðist hafa verið fyllilega ljóst fyrr en 1952, að lindir þessar væru í Kífsárlandi, þykja ekki næg rök til þess að taka þessa málsástæðu til greina, enda er því ekki haldið fram, að fyrri eigandi hafi fengið bætur, og aðalstefnandi hefur ekki unnið hefð á vatnsréttindunum.

Samkvæmt því sem fyrr var greint um niðurstöðu hæstaréttardóms um landamerki milli Hesjuvalla og Kífsár verður varakrafa aðalstefnanda ekki tekin til greina.

Í aðalsök verður því niðurstaðan sú, að sýkna ber aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda að öðru leyti en því, að kröfu um lækkun matskostnaðar vísast frá dómi.

Sömu ástæður og að framan eru raktar leiða til þess, að taka ber til greina kröfu gagnstefnanda um, að framangreind matsgerð telst gild og verður ekki breytt nema með yfirmati. Hins vegar ber að vísa frá dómi kröfu gagnstefnanda um, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4000.00 í matskostnað, þar sem ákvörðun um matskostnað í umræddu matsmáli heyrir ekki undir dómstóla, eins og áður var greint, og upplýst er, að matsgerðinni hefur verið áfrýjað til yfirmats, sem ekki er lokið.

Gagnstefndi hefur lýst yfir því, að hann uni mati á bótum fyrir átroðning og landspjöll og fyrir land umhverfis hinar virkjuðu lindir.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðalstefnandi greiði aðalstefnda upp í málskostnað í aðalsök og gagnsök kr. 2500.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum í aðalsök og gagnsök, um ákvörðun matskostnaðar, vísast frá dómi.

Í aðalsök á aðalstefndi, Þorkell Björnsson, að öðru leyti að

vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Steins Steinsens f. h. bæjarstjórnar Akureyrar.

Í gagnsök viðurkennist bótaréttur gagnstefnanda og að framangreind matsgerð er gild og verður ekki breytt nema með yfirmati.

Aðalstefnandi greiði aðalstefnda kr. 2500.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. júní 1955.

Nr. 46/1954. **Guðrún Þorgrímsdóttir**

og

Tómas Tómasson (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús
Byggingarfélagsins Smiðs h/f**

og

Kristjáni Erlendssyni (Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og
Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Theodór B. Línal og
Ólafur Jóhannesson.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1954 og fengið gjafsókn í því hér fyrir dómi. Krefjast þau þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim kr. 126.630.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. maí 1954. Er það *aðalkrafa* þeirra, að þeim verði